

Einar Erlendsson,  
B.Sc. Imaging Science  
Eskivöllum 9b  
221 Hafnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500077/mik

## Efni. Beiðni um fararleyfi til Surtseyjar á tímabilinu 17-23. júní 2013 til að taka þar ljósmyndir.

Umhverfisstofnun hefur borist erindi frá Einari Erlendssyni fyrir hönd Feodor Pitcairn um fararleyfi til Surtseyjar á tímabilinu 17-23. júní 2013 til að taka þar ljósmyndir.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga á land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sterka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.


Ráðgert væri að ferðast til eyjarinnar með þyrllu og dvelja þar í allt að 4 klst. Í hópnum eru Feodor Pitcairn og Einar Erlendsson auk þyrlluflugmanns/manna en gert er ráð fyrir að þyrllan bíði eftir leiðangursmönnum í eyjunni. Tilgangur fararinnar er að taka nokkrar ljósmyndir sem yrðu hluti af ljósmyndasýningu Feodor Pitcairn's ljósmyndara á *Smithsonian Natural History Museum* í Washington undir nafninu *ICELAND REVEALED*. Aðeins er verið að tala um mjög takmarkaðan fjölda ljósmynda í Surtsey. Undirtónn ljósmyndasýningarinnar er sköpunarsaga jarðar, eða „Genesis“ eins og við þekkjum úr trúarbragðasögunni, með sérstaka áherslu á frumkrafta náttúrunnar. Sýningin verður uppi í ár. Smithsonian safnið hefur sýnt áhuga á að litlar ráðstefnur um sértæk efni tengist ljósmyndasýningunni á því tímabili sem sýningin væri uppi. Ein slík gæti fjallað um Surtsey.


Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ráðgjafanefndar friðlandsins og Surtseyjarfélagsins á leiðangrinum. Lögðust þessir aðilar ekki gegn því að leyfi yrði veitt til fararinnar.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð miðað við verkefnislýsingu með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í einn dag frá morgni til kvölds á tímabilinu 17.-23. júní:

- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Verður búnaður og fatnaður leiðangursmanna yfirfarin áður en lagt er að stað til eyjarinnar.
- Leyfið gildir aðeins fyrir eftirtalda aðila:
  - Feodor Pitcairn
  - Einar Erlendsson
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmans friðlandsins og um mun hann vera eftirlitsaðili með leiðangri ykkar og gegna hlutverki leiðsögumanns meðan dvöl ykkar stendur yfir. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir þjónustu hans sem er 10.600 kr/klst.
- Í texta með myndunum sem teknar verða í ferðinni þarf að koma fram að Surtsey sé friðlýst vegna náttúruverndar, þróunar lífríkis og jarðsögu, og að óheimilt sé að ganga á land og kafa við eyna án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.
- Notkun myndana og myndefnið skal vera með sterka skírskotun til Surtseyjar.
- Umhverfisstofnun/Surtseyjarstofa fær, endurgjaldslaust, eintak af lokaafurð myndatökunnar sem fram fer í Surtsey til notkunar í fræðsluskyni í Surtseyjarstofu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar öll frávik á ofangreindri lýsingu á verkefninu.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur